

## Arion banki hf.

### Reglur um rafræna atkvæðagreiðslu utan hluthafafunda

Samkvæmt ákvæði gr. 10.15 samþykktar Arion banka hf. og 80. gr. a laga um hlutafélög nr. 2/1995 skulu hluthafar Arion banka hf. eiga kost á því að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá hluthafafunda bankans annað hvort skriflega eða með rafrænum hætti.

Í samræmi við ofangreint ákvað stjórn bankans að hluthafar eigi þess kost að kjósa um mál sem eru á dagskrá hluthafafunda bankans með rafrænum hætti. Um atkvæðagreiðslu utan hluthafafunda með rafrænum hætti gilda eftirfarandi reglur:

1. Rafræn atkvæðagreiðsla skal fara fram í gegnum vefsvæði hluthafa í tölvukerfi Computershare sem hluthafar geta komist inn á [hér](#). Til þess að komast inn á vefsvæði sitt þurfa hluthafar að hafa lykilorð. Hluthafar geta óskað eftir lykilorði að vefsvæði sínu hjá Computershare [hér](#), enda hafi þeir ekki áður fengið úthlutað lykilorði. Lykilorð verður sent hluthöfum í bréfpósti á heimilisfang þeirra, eins og það er skráð í hlutaskrá bankans. Það getur tekið u.þ.b. fimm virka daga frá því að ósk hluthafa um lykilorð er móttækin þar til lykilorð berst honum í pósti. Er hluthöfum því bent á að sækja um lykilorð tímanlega fyrir hluthafafundi bankans. Arion banki hf. ber ekki ábyrgð á því ef lykilorð berst ekki til hluthafa í tæka tíð fyrir hluthafafundi bankans.
2. Á vefsvæði hluthafa hjá Computershare koma fram upplýsingar um nafn hluthafa, kennitölu, heimili og hlutafjäreign og fjölda atkvæða sem hluthafi fer með á hluthafafundi. Þá koma þar fram þær tillögur sem greiða á atkvæði um á hluthafafundi. Er þar einnig að finna rafrænan atkvæðaseðil þar sem hluthafi getur greitt atkvæði með því að (i) samþykkja tillögu (SAMÞYKKI), (ii) hafna henni (Á MÓTI) eða (iii) greiða ekki atkvæði um hana (SIT HJÁ).
3. Hluthafi skal hafa greitt atkvæði sitt með rafrænum hætti í síðasta lagi einum sólarhring áður en hluthafafundur hefst til þess að það teljist gilt. Atkvæði sem greidd eru eftir það tímamark teljast ógild og koma ekki til skoðunar við talningu atkvæða á hluthafafundi.
4. Ef stjórnarkjör fer fram á hluthafafundi skal hluthafi haka við nöfn þeirra frambjóðenda til stjórnar bankans sem hann vill greiða atkvæði sitt. Nöfn frambjóðenda til stjórnar verða sett inn í kerfi Computershare þegar þau liggja fyrir, þó eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar. Ef nöfn frambjóðenda til stjórnar bankans eru jafnmörg fjölda þeirra stjórnarmanna sem kjósa skal, er sjálfkjörið í stjórn bankans og verður sá hluti atkvæðaseðilsins ekki notaður.
5. Ef kjör nefndarmanna til setu í tilnefningarnefnd fer fram á hluthafafundi hluthafi haka við nöfn þeirra frambjóðenda til tilnefningarnefndar sem hann vill greiða atkvæði sitt. Nöfn frambjóðenda til tilnefningarnefndar verða sett inn í kerfi Computershare þegar þau liggja fyrir, þó eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar. Séu nöfn frambjóðenda til setu í tilnefningarnefnd jafnmörg fjölda þeirra nefndarmanna sem kjósa skal í tilnefningarnefnd, teljast þeir sjálfkjörnir og verður sá hluti atkvæðaseðilsins ekki notaður.
6. Fundarstjóri skal kanna hvort fjöldi atkvæða sem tilgreindur er á vefsvæði hluthafa hjá Computershare sé í samræmi við fjölda atkvæða sem viðkomandi hluthafi fer með á fundinum samkvæmt hlutaskrá bankans sem liggur fyrir á fundinum. Gæti ósamræmis skal miða við þann fjölda atkvæða sem fram kemur í hlutaskránni, þó skal aldrei miða við fleiri atkvæði en fram koma á atkvæðaseðli.
7. Hluthafa, sem greitt hefur atkvæði með rafrænum hætti samkvæmt reglum þessum, er heimilt að mæta á hluthafafund og greiða þar atkvæði. Um leið og hluthafi skráir sig á

hluthafafundinn og fær afhend fundargögn, falla niður öll þau atkvæði sem hann hefur greitt með rafrænum hætti.

8. Arion banki hf. áskilur sér allan rétt til að óska staðfestingar á öllum atkvæðum sem greidd eru með rafrænum hætti, þar á meðal en ekki takmarkað við, að óska staðfestingar frá viðkomandi hluthafa, með þeim hætti sem bankinn telur viðunandi á hverjum tíma. Vakni efasemdir um lögmæti atkvæðis sem greitt hefur verið með rafrænum hætti er heimilt að setja það til hliðar þar til fullvissa er fengin um lögmæti þess. Fáist ekki fullvissa um lögmæti atkvæðis skal fundarstjóra heimilt að úrskurða það ógilt.

Arion banki hf.  
16. ágúst 2018